

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyriræli.

1. gr.

Skylt er kaupmönnum, útgerðarmönnum, fjelögum svo og einstökum mönnum að senda stjórnarráðinu fyrir 14. júní næstkomandi nákvæmar skýrslur, að viðlögðum drengskap, um allar birgðir af fiski, sem eru í eign þeirra eða vörslum og til hafa fallið fyrir 1. janúar 1918. Í skýrslunum skal greina, talið í kílógrömmum, hve mikið sje af eftirgreindum tegundum og hvar þær sjeu geymdar:

*A. Þurkaður fiskur.*88
3. júní

1. Stórfiskur nr. 1,
2. Stórfiskur nr. 2,
3. Netjafiskur stór nr. 1,
4. Netjafiskur stór nr. 2,
5. Smáfiskur nr. 1,
6. Smáfiskur nr. 2,
7. Labradorfiskur (Labrador style),
8. Ýsa nr. 1,
9. Ýsa nr. 2,
10. Ufsi nr. 1,
11. Ufsi nr. 2,
12. Keila nr. 1,
13. Keila nr. 2,
14. Langa nr. 1,
15. Langa nr. 2.

B. Opurkaður saltfiskur.

1. Stórfiskur,
2. Stór netjafiskur,
3. Smáfiskur,
4. Ýsa,
5. Ufsi,
6. Keila.
7. Langa.

Þegar annar maður en eigandi gefur skýrslur um fiskinn, skal hann jafnframt greina, hver sje eigandi hans.

2. gr.

Nú á að flytja út fisk, sem til hefir fallið fyrir 1. janúar 1918, samkvæmt reglum þeim, er hingað til hafa í gildi verið, og skal þá útflytjandi, áður en skipa megi fiskinum út í skip, undirrita og afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans drengskaparyfirlýsingu um, að í fiskbirgðum þeim, sem flytjast eiga út, sje enginn fiskur innifalinn, sem til hefir fallið eftir 1. janúar 1918. Ef skip er þegar hlaðið fiski til útflutnings, að nokkru eða öllu leyti, þegar reglugjörð þessi kemur út, skal útflytjandi tafarlaust snúa sjer til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og afhenda samskonar yfirlýsingu, sem að framan greinir.

88

3. júní

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500,000 kr. og enn fremur skal jafnan, auk sekta, greitt tvöfalt andvirði fiskjar þess, sem ekki er gefin skýrsla um samkvæmt 1. gr., eða út er fluttur, eða reynt að flytja út, án þess að gætt sje ákvæða 2. gr., enda varði brotið ekki þyngri refsingu að lögum. Fiskur sá, sem ekki er gefin skýrsla um, eða fluttur er út eða reynt að flytja út, án þess að gætt sje ákvæða 2. gr., er að veði fyrir sektunum.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

5. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessarar reglugjörðar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.